

Stafrænt ráð

Ár 2022, miðvikudaginn 12. október, var haldinn 5. fundur stafræns ráðs. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi og hófst kl. 13:30. Eftirtalin voru komnir til fundar í fundarherberginu Hofi: Kristinn Jón Ólafsson, Aðalsteinn Haukur Sverrisson, Björn Gíslason, Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir, Friðjón R. Friðjónsson og Sanna Magdalena Mörtudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Þröstur Sigurðsson. Fundarritari var Eva Pandora Baldursdóttir.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram drög að fjárhagsáætlun þjónustu- og nýsköpunarsviðs fyrir árið 2023 ásamt drögum að greinargerð. Trúnaðarmál. ÞON22100025.

- kl 13:35 tekur Skúli Helgason sæti á fundinum.

Bókanir undir þessum lið voru færðar í trúnaðarbók stafræns ráðs.

2. Lagt fram bréf mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, dags. 6. október 2022, um bókun aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks um rafræn skilríki og aðgengi sbr. 2. lið fundargerðar aðgengis- og samráðsnefndar í málefnum fatlaðs fólks frá 6. október 2022. MSS22090069.

Vísað til umsagnar þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

3. Fram fer kynning á þjónustustefnu Reykjavíkurborgar.

Silja Lind Haraldsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið. ÞON20060041.

4. Fram fer kynning á Mínum síðum. ÞON21100035.

Erla Rós Gylfadóttir og Sigurður Fjalar Sigurðarson taka sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Fram fer kynning á skipulagi og hugmyndafræði vefsins reykjavik.is. ÞON20060042.

Ingunn Eypórsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

6. Fram fer kynning á pólsk-íslenskum vélþýðingum á vef Reykjavíkurborgar. ÞON22100035.

Ingunn Eypórsdóttir tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

7. Fram fer kynning á stafrænum verkefnum velferðarsviðs. ÞON20060042.

Inga Pétursdóttir Jessen og Magnús Bergur Magnússon taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- kl 15:20 vikur Skúli Helgason af fundinum.

Fundi slitið kl. 15:30

Kristinn Jón Ólafsson

Aðalsteinn Haukur Sverrisson
Elísabet Guðrúnar Jónsdóttir
Sanna Magdalena Mörtudóttir

Björn Gíslason
Friðjón R. Friðjónsson